



**Lánasjóður sveitarfélaga ohf.**

**VIÐAUKI**

við grunnlýsingu dagsetta 11. nóvember 2015

**LSS151155**

## 1 ÁBYRGIR AÐILAR

### 1.1 Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

### 1.2 Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, nafngreindir hér að neðan, fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem þessi viðauki við grunnlýsingu dagsetta 11. nóvember 2015 hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Jafnframt er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100 umsjónaraðili með töku skuldabréfa lánasjóðsins í flokki LSS151155 til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland ehf.

Reykjavík, 21. ágúst 2018  
f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.  
Borgartúni 30, 105 Reykjavík



Magnús B. Jónsson  
stjórnarformaður



Óttar Guðjónsson  
framkvæmdastjóri

## 2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Þessi viðauki við grunnlýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. dagsett 11. nóvember 2015 er gerður til að koma á framfæri við fjárfesta mikilvægum nýjum upplýsingum sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Um útgáfu og töku skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. til viðskipta fer fram samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og lög nr. 110/2007 um kauphallir. Í þessum viðauka vísa „sjóðurinn“ og „lánasjóðurinn“ til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Þar sem viðaukinn tekur aðeins til tiltekinna atriða, skulu fjárfestar lesa viðaukann samhliða grunnlýsingunni til að öðlast nægjanlegar upplýsingar um útgefanda og skuldabréfaflokkinn.

Grein 5.5 grunnlýsingarinnar breytist þannig að eftirfarandi bætist við hana: „Einnig mun Lánasjóðurinn eftir þörfum gefa út eigin bréf í þeim tilgangi að veita viðskiptavökum sjóðsins aðgang að lánsbréfum sem styður við aukinn seljanleika bréfanna og eflir verðmyndun á markaði.“

Grein 5.7, endanlegir skilmálar, breytast sem hér segir:

Liðurinn „Nafnverð“ breytist og verður „Nafnverð seldra bréfa“.

Fyrir neðan liðinn „Nafnverð seldra bréfa“ bætist við eftirfarandi liður: „Útgáfa eigin bréfa vegna viðskiptavaktar (nafnverð) [ISK [•]/Á ekki við.]“

Liðurinn „Áður útgefið og selt“ breytist og verður „Áður útgefið“.

Eftirfarandi setning breytist: „Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK [•].“ Setningin verður framvegis: „Verðmæti seldra skuldabréfa miðað við sölugengi er alls ISK [•].“ Fyrir neðan sömu málsgrein bætist við setningin „[Verðmæti skuldabréfa sem gefin eru út vegna viðskiptavaktar miðað við sölugengi er alls ISK [•].“